

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

ÍSLENSKRA VERÐBRÉFA HF.

Íslensk verðbréf hf. leggja höfuðáherslu á heiðarleika og óhæði í starfsemi sinni. Félagið er verðbréfafyrirtæki með áherslu á eignastýringu og verðbréfamiðlun. Félagið stundar ekki eigin viðskipti eða útlánastarfsemi.

Félagið leggur áherslu á góða stjórnarhætti og skilyrðislausu fylgni við lög, reglur og samþykktir félagsins. Félagið fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem er leiðbeiningarit útgefið af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland. Fyrsta útgáfa leiðbeininganna kom út árið 2004 og hafa þær verið endurskoðaðar með reglubundnum hætti frá þeim tíma. Leiðbeiningarnar fela í sér tilmæli um innleiðingu á ákveðnum vinnureglum umfram það sem kveðið er á um í lögum og reglum en á sama tíma fylgir þeim meiri sveigjanleiki en slíku regluverki enda eru fyrirtækin sem leiðbeiningunum fylgja ólík og af öllum stærðum og gerðum. Meginmarkmið leiðbeininganna er að skýra hlutverk og ábyrgð stjórnenda fyrirtækja og auðvelda þeim þannig að rækja störf sín og um leið treysta hag hluthafa og annarra hagsmunaaðila. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefslóðinni <http://leidbeiningar.is>.

Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti

Grundvöllur leiðbeininga um stjórnarhætti er svokölluð „fylgið eða skýrið“ regla (e. „comply or explain“) en á grundvelli hennar hafa stjórnir fyrirtækja svigrúm til að ákveða að hve miklu leyti einstaka þættir leiðbeininganna henti viðkomandi fyrirtæki. Sé vikið frá leiðbeiningunum skal þess getið í stjórnarháttayfirlýsingu. Með vísan til þessa er hér með gerð grein fyrir eftirfarandi frávikum:

- Stjórn hefur ekki sett sér skriflegar reglur um siðferði og samfélagslega ábyrgð sbr. gr. 2.9. Félagið leggur þó mikla áherslu á báða þessi þætti almennt í starfsemi sinni og telur að þeim verði best náð með ábyrgum stjórnendum sem hafa fagmennsku og gott siðferði að leiðarljósi í öllum sínum störfum, öðru starfsfólki til eftirbreytni. Samfélagsleg ábyrgð er félaginu hugleikin í ljósi sérstöðu sinnar með höfuðstöðvar á landsbyggðinni og mikilvægi þess að fjármálafyrirtæki starfi ekki eingöngu í Reykjavík. Félagið hefur alla tíð lagt mikið upp úr því að styðja við bakið á íþróttafélögum og margvíslegri forvarnartengdri starfsemi og styrkja þannig umhverfi sitt og nærsamfélag.

- Miðað við umfang og eðli starfsemi félagsins og fjölda hluthafa er ekki talin þörf á því að skipa sérstaka tilnefningarnefnd stjórnar sbr. gr. 1.5.

Starfsemi félagsins, innra eftirlit og áhættustjórnun

Íslensk verðbréf hf. eru sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002. Félagið hefur starfsleyfi til eignastýringar, ráðgjafar og verðbréfamíðlunar. Hjá félaginu og dótturfélagi eru nú 20 starfsmenn.

Félagið lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Áhættustýring, regluvarsla og virkt innra eftirlit er mikilvægt í starfsemi félagsins. Regluleg upplýsingagjöf er til stjórnar um framangreind atriði.

Eitt af dótturfélögum Íslenskra verðbréfa hf. er ÍV sjóðir hf., sem hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og rekur verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóði samkvæmt lögum nr. 128/2011.

Innri endurskoðandi félagsins er KPMG ehf. Ytri endurskoðandi félagsins er Enor ehf.

Stjórn, undirnefndir stjórnar og framkvæmdastjóri

Stjórn Íslenskra verðbréfa hf. er skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Meirihluti stjórnar er óháður félaginu, stjórnendum og stórum hluthöfum þess samkvæmt skilgreiningu leiðbeininga um stjórnarhætti á óhæði í þessu tilliti, en enginn hluthafi á yfir 10% eignarhlut í félaginu.

Stjórn er kosin á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Hún fer með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í góðu horfi og í samræmi við þau lög og reglur sem um starfsemina gilda. Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega. Auk stjórnar sitja að jöfnu framkvæmdastjóri og forstöðumaður lögfræðisviðs fundi stjórnar. Stjórnin skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins og getur ein veitt prókúruumboð fyrir félagið. Stjórn félagsins ræður félaginu framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Stjórnin starfar samkvæmt starfsreglum sem stjórn hefur sett sér þar sem kveðið er ítarlega á um störf hennar auk þess sem nánari starfslýsingu stjórnarformanns er þar að finna. Starfsreglur stjórnar eru birtar á heimasíðu félagsins. Þá setur stjórn sér starfsáætlun í lok hvers árs fyrir næstkomandi ár. Stjórn framkvæmir reglulega árangursmat á störfum sínum og störfum framkvæmdastjóra.

Ný stjórn var kjörin á aðalfundi félagsins árið 2016. Þau Anna Guðmundsdóttir, Eiríkur S. Jóhannsson, Chris Van Aeken og Harpa Samúelsdóttir voru endurkjörin í stjórn félagsins árið 2017. Nýr í stjórn félagsins var kjörinn Steingrímur H. Pétursson. Árni Magnússon og Þorsteinn Hlynur Jónsson voru endurkjörnir sem varamenn í stjórn félagsins. Harpa sagði sig úr stjórn félagsins í byrjun árs 2018.

Hjá félaginu starfa tvær undirnefndir stjórnar, endurskoðunar- og áhættunefnd og starfskjaranefnd. Í fyrrnefndu nefndinni situr stjórnarmaðurinn Anna Guðmundsdóttir auk Sigurður Þórðarsonar, fyrrum ríkisendurskoðanda, sem jafnframt er formaður hennar. Harpa Samúelsdóttir sat jafnframt í nefndinni en sagði sig úr henni um leið og hún hvarf úr stjórn félagsins í byrjun árs 2018. Nefndin fer með störf áhættunefndar í samræmi við 4. mgr. 78. gr. laga nr. 161/2002. Í starfskjaranefnd sitja stjórnarmennirnir Anna og Eiríkur S. Jóhannsson. Nánar er fjallað um skipan í undirnefndir í starfsreglum stjórnar.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsmenn félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins en skal hafa samráð við stjórn við ráðningar ef við á. Jón Helgi Pétursson tók við stöðu framkvæmdastjóra félagsins í lok júní í kjölfar þess að Sigþór Jónsson lét af störfum.

Upplýsingar um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra

Eiríkur S. Jóhannsson er stjórnarformaður félagsins. Hann er forstjóri Slippsins Akureyri ehf.

Eiríkur er fæddur 1968. Hann er með BS í hagfræði frá Háskóla Íslands frá 1991. Þá hefur hann sótt sérhæfð námskeið á sviði fasteigna fjárfestinga hjá IPD í London 2006 og Harvard Business School 2012. Eiríkur tók við sem forstjóri Slippsins á árinu 2015. Áður var hann framkvæmdastjóri Steinvirkis hf. frá 2008 og þar áður forstöðumaður og framkvæmdastjóri hjá Baugi Group hf. Á árunum 2004-2005 var Eiríkur forstjóri Og Vodafone hf. og Dagsbrúna hf.

Eiríkur er stjórnarformaður Kaldbaks ehf. Kaldbakur fer með 9,99% hlut í félaginu. Eiríkur settist nýr í stjórn félagsins í nóvember 2015.

Anna Guðmundsdóttir er varaformaður stjórnar félagsins. Anna starfar sem fjármálastjóri Gjögurs hf.

Anna er fædd 1967. Hún er Cand. Oecon frá Háskóla Íslands 1990. Hún hefur starfað sem fjármálastjóri Gjögurs hf. frá 2008. Áður var hún framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandspóstis hf. frá 1998-2007. Hún var framkvæmdastjóri Fiskvonar ehf. og Kjálkaness ehf. 2011-2013. Anna situr í stjórnnum Gjögurs hf., Kjálkaness ehf., Síldarvinnslunnar hf., Gullbergs ehf. og Þingstaða ehf. Hún situr jafnframt í stjórn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

Anna settist ný í stjórn félagsins í nóvember 2015. Anna fer með 23% eignarhlut í Kjálkanesi ehf. sem á 5% eignarhlut í Íslenskum verðbréfum hf.

Chris Van Aeken starfaði sem forstjóri Morgan Stanley bank í Zurich, Sviss, frá 2012 – 2016.

Chris hefur tæplega 30 ára reynslu af fjármálamörkuðum. 1987 - 1992 starfaði hann hjá KBC bank í Belgíu. Frá 1992 til 1996 sem forstöðumaður afleiðuviðskipta hjá Barclays. Árin 1996 til 2000 starfaði Chris hjá Morgan Stanley í London, m.a. sem framkvæmdastjóri áhættustýringar og sem yfirmaður markaðsviðskipta. Frá 2000 til 2001 fór hann til starfa hjá Customer Dialogue Systems, Louvain, Belgíu, sem yfirmaður vöruþróunar. Hann sneri aftur til Morgan Stanley 2002 m.a. sem yfirmaður sjóðastýringar (International Wealth Management), í London, frá 2011 – 2012 og sem forstjóri hjá Morgan Stanley í Zurich frá árinu 2012.

Chris á engin hlutabréf í félaginu. Chris hefur ekki setið áður í stjórn félagsins.

Steingrímur H. Pétursson er framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Olíuverzlun Íslands hf.

Hann er fæddur árið 1972. Steingrímur lauk prófi í rekstrarfræði frá Háskólanum á Akureyri 1994 og B.sc. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 2001. Þá lauk hann M.sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum á Akureyri 2011 með áherslu á Alþjóðafjármál og bankastarfsemi.

Steingrímur sat áður í stjórn félagsins milli árána 2005 og 2007. Steingrímur á engin hlutabréf í félaginu og hefur ekki hagsmunatengsl við félagið eða stóra hluthafa þess.

Jón Helgi Pétursson er framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa hf.

Jón Helgi er fæddur 1974 og tók við störfum sem framkvæmdastjóri félagsins í júlí 2017. Hann lauk B.Sc. í rekstrarfræði frá Háskólanum á Akureyri og MBA í stjórnun frá The

University of Hull. Jón Helgi hefur einnig lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Jón Helgi var áður forstöðumaður rekstrarsviðs Íslenskra verðbréfa 2016-2017, framkvæmdastjóri ÍV sjóða hf. 2005-2016, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Höfðhverfinga 2000-2005 og ráðgjafi hjá Rekstri og ráðgjöf Norðurlandi ehf. 1998-2000.

Jón Helgi á 0,15% eignarhlut í Íslenskum verðbréfum hf.

Í varastjórn félagsins sitja þeir Árni Magnússon og Þorsteinn Hlynur Jónsson.

Gildi og samfélagsleg ábyrgð

Fjármálafyrirtæki sem ekki nýtur trausts og trúverðugleika á litla framtíð fyrir sér. Félagið gerir sér grein fyrir að traust og trúverðugleiki helst í hendur við siðferði starfsmanna. Íslensk verðbréf hf. leggja því höfuðáherslu á að tryggja traust og trúverðugleika félagsins gagnvart hluthöfum, viðskiptavinum og samfélaginu í heild. Þessi atriði endurspeglast í innri reglum félagsins og einnig í þeirri viðskiptahugmynd sem starfsemi þess byggir á, þ.e. að vera óháð eignastýringarfyrirtæki sem keppir ekki við viðskiptavinum sína um bestu fjárfestingakostina. Við ráðningu nýrra starfsmanna leitar félagið eftir fólki með reynslu og þekkingu á fjármálamarkaði.

Félagið hefur sett tiltekin gildi sem ætlað er að vera starfsmönnum leiðarljós í störfum sínum. Gildin eru eftirfarandi:

Framúrskarandi þjónusta

Góður árangur

Traust

Liðsheild

Frumkvæði

Félagið er einnig meðvitað um samfélagslega ábyrgð sína og hefur hana að leiðarljósi í starfseminni. Félagið hefur meðal annars stutt dyggilega við íþróttaiðkun barna og unglinga sem og ýmis önnur góð málefni.

Samskipti hluthafa og stjórnar

Íslensk verðbréf hf. birta fréttir af starfsemi sinni á heimasíðu félagsins (www.iv.is) og senda jafnframt út fréttatilkynningar ef markverðar breytingar hafa orðið. Að auki geta hluthafar hvenær sem er haft samband við framkvæmdastjóra og/eða stjórnarmenn ef spurningar vakna í huga þeirra.

Á aðalfundum er farið ítarlega yfir starfsemi félagsins og þar er hluthöfum heimilt að tjá sig um málefni félagsins.

Upplýsingagjöf í tengslum við brot á lögum og reglum

Félagið hefur ekki brotið lög, reglur eða tilmæli FME í starfseminni. Félagið hefur ekki verið dæmt eða verið úrskurðað viðurlög vegna brota á lögum um fjármálafyrirtæki eða öðrum lögum og ekki eru til rannsóknar nein brot hjá opinberum aðilum svo vitað sé. Upplýsingar um mál fyrir dómstólum sem félagið á aðild að, sé um það að ræða, er að finna í skýringum í ársreikningi félagsins.

Yfirlýsing þessi um stjórnarhætti er birt í ársreikningi Íslenskra verðbréfa hf. fyrir árið 2017 sem samþykktur var á fundi stjórnar félagsins 27. mars 2018